

Úr Krikanum

Frá því að fyrstu torfurnar voru lagðar í Kaplakrika árið 1975, höfum við FH-ingar átt margar góðar minningar frá fótboltaleikjum í Kaplakrika. Þetta sumarið virðist ætla að bjóða upp á þykkan pakka af góðum minningum, því meistaraflokkur FH hefur farið vel af stað í Landsbankadeildinni 2003.

Það kemur vel á vandan að fá áskorun um að skrifa pistil í þetta FH-blað og reyna jafnframt með nokkrum orðum að höfða til lesandans að mæta í Krikann og hvetja FH-inga til dáða á fótboltavellinum. Það er með fótboltaáhuga eins og önnur áhugamál, hann virðist koma yfir mann í bylgjum. Ég hef t.d. ekki verið sá duglegasti að mæta í Krikann síðustu árin, ólíkt því sem var hér á árum áður, þegar ég mætti á hvern einasta heimaleik og hafði að sjálfsögðu meira vit á leiknum og fótboltanum almennt en allir mínir vinir til samans. Ef til vill hafa önnur áhugamál tekið völdin um stundarsakir en ég verð þó að segja það með sanni að ég er búinn að vera á leiðinni allan tímann. Hversu oft hef ég ekki sagt við sjálfan mig: Jæja Bjóssi, nú mætirðu á næsta leik. Staðan í dag er að NÚ MÆTI ÉG á næsta leik. Ég vil einnig nota þetta tækifæri og hvetja alla þá FH-inga, sem ekki voru ákveðnir í að mæta á þá heimaleiki FH sem eftir eru þetta sumarið að drifa sig og hvetja okkar menn. **ÁFRAM FH.**

Það hefur verið gaman að fylgjast með FH-liðinu og stjórninni, þótt úr fjarlægð sé, en mér virðist mikill meinaður hafa einkennt starfið og rétt hugarfar leikmanna og þjálfara vera til staðar. Auðvitað verða væntingar að vera raunhæfar en viljinn þarf að vera mikill. Ef við áhorfendur sjáum og finnum að viljinn og baráttan er til staðar í liðinu, þá smitar það upp í áhorfendastúku og við sem stíjum þar eða stöndum spilum með, hver með sínu lagi og hvetjum liðið áfram til dáða.

Börkur hf., eitt af stærri fyrirtækjum hér í bæ á árum áður, var dyggur stuðningsaðili FH og auglýsti til margra ára á keppnistreyjum knattspyrnudeildarinnar. Þá störfuðu fjölmargir leikmenn meistaraflokks hjá Berki hf. sem voru í alla staði góðir drengir. En talandi um viljann hjá FH-ingum þá hefur hann birst mér í hinum ýmsu myndum. Eftir að hafa horft á suma þeirra sofna á kústinum og gleyma oft klukkunni í matar- og kaffitímum, efaðist ég ekki um að menn höfðu greinilega gefið allt í leikinn deginum áður ☹. Þá man ég eftir því að einn góður FH-ingur meldaði sig einn daginn fátveikan og illa slasaðan eftir kappleik en honum batnaði undurfljótt því seinna um daginn fréttist af honum á landsliðsæfingu, sem hann hafði óvænt verið boðaður á. Þarf ekki viljinn að vera til staðar? ☺

Ég hvet alla FH-inga, bæði leikmenn og áhangendur, að leggjast á eitt með viljann og endalæsa baráttu að vopni og stuðla þannig að góðum árangri í Landsbankadeildinni. A sama tíma verðum við að hafa gaman að hlutunum.

“Verum glaðir allir eitt ekkert hindri starfið neitt” ...segir í þjóðháttíðarliagi okkar FH-inga.

Björn Eysteinnsson,
FH-ingur... þótt hann búi í Kópavogi. (“Þú vilt vera, ég vil vera, allir vilja vera í FH...o.s.frv.”)



LANDSBANKA
DEILDIN



5. júlí 2003

Klukkan 14:00

Kaplakrikavöllur

Næstu leikir
Mfl. ka. KR-FH 8. júlí
Mfl. kv. FH-Valur 9. júlí

Síðustu leikir liðanna:

ÍBV – FH
FH – Fram
FH – Þróttur

1:3
2:3
2:1

Grindavík – Þróttur
Þróttur – ÍBV
FH – Þróttur

2:1
2:0
2:1

Markahæstir:

FH

Jónas Grani 8
Tommy Nielsen 3
Allan Borgvardt 2

Þróttur

Björgólfur Takefusa 5
Sören Hermansen 3
Hjálmar Þórarinnsson 2



LYFJAPRÓUN • HUGVIT • GÆÐI
www.delta.is

Staðan	stig	net
1. Fylkir	13	6
2. Þróttur	12	2
3. FH	11	3
4. ÍA	10	3
5. KR	10	-2
6. ÍBV	9	0
7. Valur	9	-3
8. Grindavík	9	-3
9. KA	8	1
10. Fram	5	-7



Nr.	Nafn	Nr.	Nafn
1	Daði I. Árusson	1	Fjalpar Þorgeirsson
2	Magnús Ingi Einarsson	2	Hilmar Ingi Rúnarsson
4	Tommy Nielsen	3	Hallur Hallsson
5	Freyr Bjarnason	4	Daði Árnason
6	Ásgeir Gunnar Ásgeirsson	5	Ólafur Tryggvason
7	Jónas Grani Garðarsson	6	Eysteinn Pétur Lárusson
8	Baldur Bett	7	Hans Sævar Sævarsson
9	Sigmundur P. Ástþórsson	8	Páll Einarsson
10	Heimir Guðjónsson	9	Hjálmar Þórarinnsson
11	Jón Þorgrímur Stefánsson	10	Björgólfur H. Takefusa
12	Jóhannes Kristjánsson	11	Sören Hermansen
13	Calum Þór Bett	12	Daniel Karlsson
14	Guðmundur Sævarsson	13	Jens Elvar Sævarsson
16	Svavar Sigurðsson	14	Haldór Arnar Hilmisson
17	Atli Viðar Björnsson	15	Kári Ársællsson
18	Hermann Albertsson	17	Vignir Þór Sverrisson
19	Víðir Leifsson	18	Ingvi Sveinsson
20	Sverrir Garðarsson	19	Guðfinnur Þórir Ómarsson
21	Emil Sigurðsson	20	Ívar Sigurjónsson
22	Allan Borgvardt	21	Björn Sigurbjörnsson
23	Ingi Þór H. Kúld	22	Charles Philip Mc Cormick
24	Róbert Magnússon	23	Gunnar Gíslason
25	Emil Hallfreðsson	24	Erlingur Þ. Guðmundsson
26	Davíð Örvar Ólafsson		
27	Daniel Einarsson		
29	Hörður Magnússon		

Þjálfari: Ólafur Jóhannesson

Þjálfari: Ásgeir Elíasson

Dómari leiksins: Egill Már Markússon

Ab.m. Guðmundur Árni Stefánsson
Umsj. Númi Arnarson og Viðar Hrafn Steingrímsson (this.is/fh)

Getraunannúmer FH er 220